

# Ytra mat

---

Hofsstaðaskóli

**Mái 2012**

<b>Samantekt matsniðurstaðna</b>	<b>3</b>
Stjórnun	3
Nám og kennsla	3
Innra mat	4
Sérfræðiþjónusta	4
<b>Inngangur</b>	<b>5</b>
<b>Markmið og tilgangur</b>	<b>6</b>
<b>Aðgerðir og framkvæmd</b>	<b>7</b>
<b>Niðurstöður</b>	<b>8</b>
<b>Svið I– Stjórnun</b>	<b>8</b>
Stjórnandinn sem leiðtogi	8
Stjórnun stofnunar	9
Faglegt samstarf	10
Skólaþróun	11
Starfsáætlun og skólanámskrá	11
Skóladagur nemenda	12
Verklagsreglur og áætlanir	12
Skólaráð, foreldrafélag	13
Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	14
<b>Svið II Nám og kennsla</b>	<b>14</b>
Inntak og árangur	14
Skipulag náms og námsumhverfi	15
Kennsluhættir og gæði kennslu	16
Námshættir og námsvitund	17
Lýðræðisleg vinnubrögð	18
Ábyrgð og þátttaka	18
Nám við hæfi allra nemenda	18
Stuðningur við nám	19
<b>Svið III Innra mat</b>	<b>19</b>
Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	20
Innra mat er markmiðsbundið	20
Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	21
Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	21
Innra mat er opinbert	21
Innra mat er umbótamiðað	22
<b>Svið IV – Sérfræðiþjónusta</b>	<b>22</b>
<b>Greining</b>	<b>25</b>
<b>Samantekt ábendinga</b>	<b>25</b>
<b>Heimildaskrá</b>	<b>28</b>

## Samantekt matsniðurstaðna

Í þessari skýrslu er fjallað um ytra mat á Hofsstaðaskóla sem framkvæmt var á vorönn árið 2012. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en sá fjórði ákveðinn af skóladeild Garðabæjar og Hofsstaðaskóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og sérfræðiþjónusta.

## Stjórnun

Helstu niðurstöður eru þær að skólastjórnendur hafa mikinn metnað fyrir skólann og leggja rækt við samskipti allra í skólasamfélaginu; nemendur, foreldra og starfsfólk. Í skólanum ríkir góður og afslappaður starfsandi þar sem áhersla er lögð á góða líðan allra sem þar starfa. Áhersla er lögð á að hafa sem best og skilvirkust samskipti milli skólastiga þ.e. milli leik- og grunnskóla og hins vegar við unglingadeildir sem taka við nemendum að loknum 7. bekk. Skýr verkaskipting er milli stjórnenda og gott upplýsingaflæði þeirra á milli.

Lýðræðislega vinnubrögð eru í heiðri höfð og einkenna samstarf allra í skólanum. Einnig einkennast samskiptin af jákvæðni og gagnkvæmu trausti. Faglegt samstarf kennara er styrkt með ýmsu móti og sí- og endurmenntun er vel skipulögð. Stjórnendur mættu þó huga betur að endurgjöf til kennara hvað varðar kennslu og fagmennsku.

Skólanámskrá og starfsáætlun er vel útfærð og unnin í samstarfi við alla í skólasamfélaginu. Þar má sjá allar helstu áherslur skólans og það sem við kemur daglegu starfi hans. Sérstök áhersla er lögð á stuðning í námi og þjónustu við nemendur með sérþarfir.

Lögð er rækt við að byggja upp traust foreldra á skólastarfinu og samskipti milli heimila og skóla eru góð. Fulltrúar foreldra í skólaráði og í stjórn foreldrafélags hafa greiðan aðgang að stjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans og eiga góð samskipti við þá.

## Nám og kennsla

Í Hofsstaðaskóla er bekkjarkennsla ríkjandi skipulag en kennarar innan árganga vinna saman að skipulagningu, ákvörðun heimavinnu og námsmati. Fjölbreytni er mikil í kennsluháttum og þjónusta við börn með sérþarfir er sérlega vel skipulögð. Stefnan *skóli án aðgreiningar* er því ekki aðeins til staðar heldur einnig mjög virk. Gildir það bæði um þá sem ekki ná settum námsmarkmiðum og hina bráðgeru. Árangur á prófum á landsvísu er eftirtektarverður. Áætlanir um nám og kennslu og mat á námsgreinum eru skráðar en hugsanlega þyrfti að samræma milli árganga í einstökum greinum. Til þess að auka enn frekar fjölbreytni í námi þarf að auka húsakost og fjölga tölvum. Skólinn skarar fram úr á sviði nýsköpunar og nær það til allra árganga. Nemendur eru meðvitaðir um styrkleika sína í námi og vinna að mismunandi verkefnum miðað við hæfileika og getu en þó er ætíð hægt að bæta úr möguleikum nemenda á þeim vettvangi.

Samskipti einkennast af jákvæðni og virðingu og nemendur geta tjáð sig opið og tillit er tekið til sjónarmiða þeirra. Foreldrar eru með í ráðum við setningu markmiða fyrir börn sín og nemendur að einhverju marki sjálfir.

### **Innra mat**

Innra mat Hofsstaðaskóla er samsett úr fjölda þátta og nær til alls skólastarfs. Fjölbreyttar aðferðir eru nýttar til að ná sem best til ólíkra viðfangsefna. Má þar nefna stefnumiðað árangursmat (*Balanced Scorecard*), *Skólapúlsinn*, eigin vefkannanir og skólaþing. Fyrir liggur langtímaáætlun í innra mati og áætlun fyrir hvert skólaár. Mat á kennslu og fagmennsku kennara er framkvæmt en ekki reglulega.

Skýrt er kveðið á um hvernig markmið skólans í skólanámskrá eru metin. Skilgreind eru viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila og þeim kynntar niðurstöður og umbótaáætlanir. Foreldrar og nemendur koma eingöngu að ákvörðunum og áherslum um innra mat í gegnum skólaráð en ekki með beinum hætti. Huga mætti að meiri aðkomu þessara hópa að innra mati. Allar upplýsingar um innra mat eru á heimasíðu skólans og því öllum aðgengilegar.

### **Sérfræðipjónusta**

Sérfræðipjónusta Hofsstaðaskóla er til fyrirmyndar að álitum allra aðila skólasamfélagsins; foreldra, starfsmanna og nemenda. Snemmtæk íhlutun og reglubundnar skimanir hafa þau áhrif að strax er brugðist við ef nemendur þurfa sérstakrar handleiðslu við. Ólíkum náms- og félagslegum þörfum er mætt í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Upplýsingar um alla sérfræðipjónustu eru ítarlegar og gagnlegar fyrir kennara og foreldra. Með því að setja þær mikilvægustu fram í myndrænu formi, yrðu þær aðgengilegri fyrir alla samfélagshópa, svo sem þá sem forðast lestur.

## Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á Hofsstaðaskóla í Garðabæ. Matið var framkvæmt af Hönnu Hjartardóttur og Rannveigu Lund og fór fram á vettvangi á tímabilinu 1. – 15. mars, 2012. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af tilraunaverkefni sem unnið er samkvæmt tillögum faghóps á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Sá hópur tók til starfa árið 2010 og skilaði tillögum í mars 2011. Þar var lagt til að metnir yrðu í tilraunaskyni sex ólíkir skólar hvað varðar stærð og staðsetningu. Tilgangur tilraunaverkefnisins er meðal annars að meta kostnað við verkefnið á raunhæfan hátt, endurskoða og lagfæra áætlanir um framkvæmd matsins og svara á öruggari hátt mörgum álítaefnum í tillögum faghóps um fyrirkomulag í kringum ytra mat. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög og ráðuneyti taki ákvörðun um áframhaldandi samstarf um ytra mat á grundvelli niðurstaðna þessa tilraunaverkefnis.

Hofsstaðaskóli var stofnaður árið 1977 sem útibú frá Flataskóla en haustið 1980 varð hann að sjálfstæðri stofnun. Upphaflega var skólinn staðsettur í safnaðarheimilinu Kirkjuholi og var þá fyrir nemendur í 1. - 4. bekk. Hann fluttist í nýtt húsnæði við Skólbraut í Garðabæ árið 1994 og var þá 1. áfangi hússins tekinn í notkun, 2. áfangi haustið 1996 og sá þriðji haustið 1999. Mýrin íþróttamiðstöð, sem er hluti af mannvirkjum íþróttafélagsins Stjórnunnar, er við hlið skólans og nýtt til íþróttakennslu. Tómsundaheimilið Regnboginn er í húsnæði skólans en þar er gæsla fyrir börn í 1. – 4. bekk að loknum skóla.

Einkunnarorð skólans eða svokölluð leiðarljós eru:

Vinnusemi•virðing•viska•verkmennt•vellíðan. Áhersla er lögð á hlýlegt umhverfi, glaðlegt viðmót, vel menntað og hæft starfsfólk. Stuðlað er að því að nemendur læri sjálfstæð, vönduð og fjölbreytt vinnubrögð. Sterk listhefð er í skólanum og sést það glögglega á fjölda verkefna á göngum skólans og í kennslustofum.

Skólinn nýtir sér ýmsar stefnur til framfara þó þær séu ekki innleiddar í heild, þannig má sjá í skólanum áherslur frá *Uppeldi til ábyrgðar* og einnig frá *SMT* (útfærsla á bandarísku aðferðinni *Positive Behavior Support/PBS*).

Ýmis þróunar- og nýbreytniverkefni eru í gangi. Má þar nefna *Orð af orði* sem snýst um læsi almennt. Skólinn hefur einnig fengið styrk úr Námsefnissjóði til þróunar námsgagna í íslensku og félagsfærni. Þá vinna starfsmenn að innleiðingu stefnumiðaðs árangursmats (*Balanced Scorecard*). Unnið er eftir samstarfsáætluninni *Brúum bilið* þar sem áhersla er lögð á samvinnu og samræmingu námskrár leik- og grunnskóla. Einnig er bilið brúað markvisst milli 7. bekkjar og unglíngastígs skólanna í Garðabæ. Skólinn tekur þátt í

verkefninu *Skólar á grænni grein* og hefur fengið *Grænfánann*. Nýsköpun er stór þáttur í verkmennt nemenda og hafa nemendur margsinnis hlotið verðlaun á þeim vettvangi og skólinn bikar til eignar fyrir góða framgöngu á því sviði. Mikil áhersla er lögð á góða sérfræðipjónustu.

Við skólann starfa 33 kennarar í 30 stöðugildum auk fimm stjórnenda í 4,15 stöðugildum. Aðrir starfsmenn eru 26, þar með taldir starfsmenn tómstundaheimilisins Regnbogans, sem eru 8. Í Hofstaðaskóla eru 440 nemendur í 1. - 7. bekk skólaárið 2011 - 2012. Hlutfall nemenda af erlendum uppruna eða sem hefur dvalið langdvölum erlendis er um 5% nemenda. Þeir sem eru með annað tungumál en íslensku eru 1,4%. Hlutfall þeirra sem fá beina sérkennslu til lengri eða skemmri tíma er 17% (sjá nánar í kafla um sérfræðipjónustu skólans). Um áramót 2006/2007 voru nemendur 386 og því hefur mikil fjölgun orðið á síðustu 5 árum eða sem nemur nærri 15%.

Það er skóladeild Garðabæjar sem er næsta yfirvald og þangað sækir skólinn hluta af sérfræðipjónustu og ytri ráðgjöf.

## Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (*Lög um grunnskóla, 2008*).

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Þau eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig hafðir til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

## Aðgerðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarf ýmist í prentuðu máli eða á rafrænu formi.<sup>1</sup> Þá var óskað eftir niðurstöðum samræmdra prófa og framfarastuðlum frá Námsmatsstofnun undanfarin þrjú ár. Frá mennta- og menningarmálaráðuneyti var óskað eftir niðurstöðum úttekta á innra mati skólans (sjálfsmati). Fundur var haldinn með skólastjóra og fulltrúa á skóladeild Garðabæjar. Þar voru forsendur matsins kynntar sem og framkvæmdin. Síðan var kynningafundur í skólanum fyrir allt starfsfólk og þá gafst einnig tækifæri til að fara í skoðunarferð um skólann í fylgd skólastjóra. Þá tóku við vettvangsathuganir hjá u.þ.b. 70% kennara og gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skóla, stjórnendum, nemendum í tveimur hópum þ.e. annars vegar nemendum í 1. – 4. bekk og hins vegar 5. – 7. bekk, foreldrum, fulltrúa í skólaráði og sérfræðiteymi skólans. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjórann. Vegna fjórða matsþáttarins, sérfræðiþjónustu skólans, var myndaður sérstakur rýnihópur sem upplýsti um þjónustuna. Spurningum um sérfræðiþjónustu var einnig beint til rýnihópa kennara, skólaráðs og foreldrafélags. Í lokin var haft einstaklingsviðtal við deildarstjóra sérkennslu.

Skólaheimsóknin stóð yfir í 4 daga (auk kynningafundar og skoðunar), þ.e. 6., 8., 13. og 15. mars 2012. Heimsóttar voru 20 kennslustundir hjá jafn mörgum kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum svo sem stærðfræði, íslensku (lestur, skrift, bókmenntir, málfræði), samfélagsfræði, náttúrufræði, nýsköpun og smíði, íþróttum og tónlist auk sérkennslu. Kennarar vissu hvaða dag matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Að auki var farið óvænt í tvær kennslustundir. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Í lok heimsóknar í skólann fékk skólastjóri í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru gefin stig/einkunn fyrir hverja stund. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dag og fá endurgjöf og nýttu um 90% kennara sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram en dagana milli skólaheimsókna og að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, þ.e. víðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi.

---

<sup>1</sup> Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

## Niðurstöður

### Svið I– Stjórnun

Leiðarljós skólastefnu Garðabæjar eru: Metnaður • Virðing • Sköpun • Gleði

Stefnan er einnig að:

- Þjóða upp á margbreytilegt, metnaðarfullt og sveigjanlegt starf.
- Leggja áherslu á fjölbreytta kennslu og margs konar verkefni þar sem stuðlað er að árangri í námi, öryggi og vellíðan nemenda.
- Búa starfsmönnum öruggt og áhugavert starfsumhverfi og tækifæri til þróunar í starfi.
- Veita nemendum og foreldrum góða þjónustu.

Í anda þessarar stefnu er skólastarf í Hofstaðaskóla og þar á meðal stjórnun skólans. Einnig byggir stjórnun skólans á því sem fram kemur í *Lögum um grunnskóla og Aðalnámskrá* þar sem segir: *Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn.*

*Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins (grein 7 í lögum um grunnskóla nr91/2008) og í aðalnámskrá: Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (Kafli 10.1)*

### Stjórnandinn sem leiðtogi

Stjórnendur Hofstaðaskóla leggja rækt við samskipti meðal allra í skólasamfélaginu; nemenda, starfsmanna og foreldra. Áherslur skólans sem koma fram í *Leiðarljósi*, stefnukorti og *Vegvísi*, eru birtar á heimasíðu og allir í skólasamfélaginu þekkja þær. Víða eru einkunnarorðin sjáanleg til dæmis í mósaíkverki í aðalinngangi skólans og á veggspjöldum í skólastofum. Flest verkin eru unnin af nemendum. Það hversu leiðarljós skólans eru raunveruleg í öllu starfi kemur einnig fram í notalegu andrúmslofti og umhverfi sem gestkomandi skynjar.

Skólastjóri og aðrir stjórnendur miðla upplýsingum um gæði skólastarfsins og árangur nemenda á heimasíðu en einnig þar sem foreldrar koma í skólann svo sem á námskynningum, skólaslitum, bekkjarskemmtunum o.fl. Kennarar eru markvisst hvattir til að auka gæði náms og kennslu. Kemur það fram í umræðum á deildar- og árgangafundum auk kennarafunda. Vel er fylgst með endurmenntun kennara og þeir hvattir til að sækja sér endur- og framhaldsmenntun.



Í skólanum er lögð áhersla á samvinnu leik- og grunnskóla og unnið er eftir samstarfsáætluninni „Brúum bilið“. Þá er stefnan *Uppeldi til ábyrgðar* einnig nýtt í skólastarfinu þó innleiðing á henni í heild hafi ekki átt sér stað. Sama gildir um svokallaða *SMT* skólafærnistefnu (útfærsla á bandarísku aðferðinni *Positive Behavior Support/PBS*). Skólinn er einn af *Skólum á grænni grein* og hefur fengið Grænfánann til merkis um að markmið í umhverfismálum hafi náðst.

Þegar skólastjóri kynnir skólann leggur hann áherslu á sérstöðu hans og leiðarljós í námi og kennslu. Stjórnendur fylgjast reglulega með námi og kennslu og hefur skólastjóri m.a. setið í tímum hjá öllum kennurum skólans. Ekki hefur þó verið um beina endurgjöf að ræða í kjölfar þeirra heimsóknna.

#### Ábendingar - styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Stjórnandi stuðlar að samhljómi meðal kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra um stefnu og starfshætti.
- Í starfsáætlun, skólanámskrá og stefnukorti skólans má glögglega sjá í hverju starfið felst.
- Góð líðan og gagnkvæm virðing endurspeglast í samstarfi starfsfólks skólans, nemenda og foreldra.
- Miðlun upplýsinga um árangur og gæði er komið vel á framfæri.
- Huga ber að meiri endurgjöf til kennara t.d. í kjölfar vettvangsheimsóknna stjórnenda.

#### Stjórnun stofnunar

Skipurit um gildandi fyrirkomulag stjórnunar liggur fyrir og sama gildir um starfslýsingar stjórnenda og annarra starfsmanna skólans. Skýr verkaskipting er milli stjórnendateymis og regluleg upplýsingagjöf milli stjórnenda. Fundir teymis eru tvisvar í viku. Í umsóknnum/ráðningarskjölum liggur fyrir menntun og sérhæfing starfsmanna við upphaf starfs í Hofsstaðaskóla. Skrá þarf framhalds- og símenntun sem starfsmenn afla sér síðar skipulegar en nú er gert.

Kennarar sinna kennslu í samræmi við menntun sína og sérhæfingu. Á hverju vori er þeim gefinn kostur á að gera sérstaka grein fyrir hvaða kennslu þeir óska eftir næsta skólaár og jafnframt koma fram áherslur hjá hverjum og einum í reglulegum starfsmannaviðtölum sem fara fram einu sinni á ári. Í starfsmannasamtölum er starfsfólki veitt endurgjöf fyrir vel unnin störf. Einnig er veitt endurgjöf á starfsmannafundum og í daglegu starfi eins og tilefni gefst til. Alltaf má þó bæta þennan þátt og kom það m.a. fram í starfsmannakönnun sem fór fram í janúar 2012.

Í viðtölum við foreldra kom fram hversu gott aðgengi er að öllum stjórnendum skólans og fljótt brugðist við öllum beiðnum og óskum.

Forgangsröðun í nýtingu fjármagns tekur mið af stefnu skólans og sveitarfélagsins.

Jafnréttisstefna hefur verið við lýði og er nú í endurskoðun (kynning á starfsmannafundi í mars 2012). Þar er rætt um jafnrétti nemenda og starfsmanna en stefnan nær ekki til foreldrasamfélagsins t.d. hvað varðar kosningu í stjórn foreldrafélags eða fulltrúa í skólaráð. Ekki liggur fyrir móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn. Sveitarfélagið hefur sett sér verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópum og nær hún til allra stofnana bæjarfélagsins.

#### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Verkaskipting á milli stjórnenda er skýr og þekkt af starfsmannahópi.
- Starfslýsingar eru fyrir hendi og mannauður nýttur skv. menntun og sérhæfingu hvers og eins.
- Stjórnendur gæta hagsmuna starfsfólks og veita markvissa endurgjöf.
- Samskipti foreldra og stjórnenda eru til fyrirmyndar.
- Gera þarf móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Hugleiða þarf hvernig hægt er að auka hvatningu og hrós í daglegu starfi.
- Huga þarf að aðkomu foreldra varðandi jafnréttisáætlun.

#### Faglegt samstarf

Í stefnu skólans kemur skýrt fram að lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð í öllum þáttum skólustarfs og einkenna samstarfið í skólanum. Þá einkennast samskipti af jákvæðni og gagnkvæmu trausti aðila. Starfsfólk er nemendum fyrirmynd í lýðræðislegum starfsháttum með því að vinna saman, hlusta og taka tillit til sjónarmiða hvers annars.

Að hausti liggur fyrir fundaáætlun fyrir skólaárið sem nær til alls starfsfólks. Formlegir fundir eru svo boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar. Fundargerðir eru settar á innra net skólans og öllum aðgengilegar. Fundargerðir skólaráðs eru á heimasíðu skólans.

Faglegt samstarf kennara og annarra sérfræðinga fer fram í faghópum á aldurstigum í samræmi við stefnu skólans og með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Einnig er hefð fyrir faglegu samstarfi milli grunnskóla Garðabæjar. Þá hittast þeir sem kenna sömu árgöngum og sinna svipuðum störfum innan skólanna og miðla sín á milli hugmyndum og reynslu.

Samskipti við önnur skólastig felast t.d. í verkefninu *Brúum bilið* (sjá heimasíðu [www.hofsstadaskoli.is](http://www.hofsstadaskoli.is)). Þá eru kynningarheimsóknir elstu nemenda skipulagðar í móttökuskóla á unglingsstigi. Samskipti við leikskóla eru skýrt fram sett og felast m.a. í gagnkvæmum heimsóknum. Upplýsingagjöf varðandi nemendur sem koma í 1. bekk eða fara úr 7. bekk er skilvirk milli skólastiga.

#### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Samskipti einkennast af jákvæðni og trausti.
- Starfsfólk er öðrum fyrirmynd um lýðræðisleg vinnubrögð.
- Samstarf milli annarra skólastiga er skýrt sett fram og virkt.

## Skólapróun

Stöðugt og markvisst er unnið að þróun skólstarfsins með hag nemenda að leiðarljósi. Þróunar- og umbótaáætlun byggist á stefnu skólans svo og innra og ytra mati. Jafnframt byggir hún á stefnu sveitarfélagsins og fræðsluyfirvalda. Í símenntunaráætlun koma fram áherslur skólans ásamt því hvernig starfsmenn sækja eigin símenntun. Þeir eru hvattir til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi. Vakin er sérstök athygli á því, t.d. með frétt á heimasíðu, þegar kennarar sækja sér framhaldsnám og er það dæmi um hversu mikil jákvæðni og hvatning á sér stað varðandi slíkt nám. Samræmi er milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar (stefnukorts) skólans. Vinnuhópur eða teymi bera ábyrgð á framkvæmd innra mats með þátttöku stjórnenda. Í teyminu eru auk stjórnenda, kennarar og aðrir starfsmenn skóla.

### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Þróunar- og umbótastarf er markvisst og byggir á stefnu skólans.
- Símenntunaráætlun endurspeglar stefnu skólans auk þess að stuðla að hvers konar endurmenntun starfsmanna.
- Ákveðið teymi ber ábyrgð á framkvæmd innra mats.

## Starfsáætlun og skólanámskrá

Skólanámskrá og starfsáætlun uppfylla viðmið sem birt eru í aðalnámskrá (12. kafli) og endurspegla áherslur í skólafélaginu sveitarfélagsins. Starfsáætlunin er uppfærð árlega þar sem kemur fram skipurit, skóladaatal og aðra upplýsingar sem tilgreindar eru í aðalnámskrá og breytast ár frá ári. Starfsfólkið tekur allt þátt í að uppfæra starfsáætlun sem síðan er lögð fyrir skólaráð og skólanefnd til staðfestingar. Sama gildir um skólanámskrá, hún er unnin sem samstarfsverkefni í skólanum af öllu starfsfólki og síðan lögð fyrir skólaráð. Ekki er um beina aðkomu að ræða fyrir foreldra eða nemendur að skólanámskrá nema í gegnum skólaráðið. Allir aðilar í skólasamfélaginu þekkja stefnu skólans eins og hún birtist í skólanámskrá. Nú er unnið að endurskoðun með tilliti til nýrrar *Aðalnámskrár* (2011).

Framkvæmd skólafélagunnar er síðan rædd á starfsmannafundum og endurskoðuð yfir skólaárið og metið hvort markmið hafi náðst.

Allar þessar áætlanir eru aðgengilegar og birtar á heimasíðu skólans.

### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Starfsáætlun skólans, skólanámskrá og námsvísar eru opinber gögn og aðgengileg öllum hagsmunaaðilum skólasamfélagsins.
- Allt starfsfólk vinnur að gerð starfsáætlunar og skólanámskrár.
- Framkvæmd skólafélagunnar er rædd, metin og endurskoðuð á starfsmannafundum.
- Huga mætti að hvort aðkoma foreldra og nemenda ætti að vera meira við vinnu að skólanámskrá t.d. þar sem fjallað er um skólareglur eða aðra þá þætti sem snúa beint að nemendum og/eða foreldrum.

## Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður, stundatöflur samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga. Námið er skipulagt í heildstæðar vinnulotur með eðlilegum hléum þannig að vinnuálag miðast við aldur nemenda og þroska.

Skólinn nýtir sér svigrúm viðmiðunarstundaskrár með samþættingu námsgreina. Í því samhengi má t.d. nefna *Söguaðferðina* (Storyline) í nokkrum árgöngum og færnimiðað nám í ensku og stærðfræði í elstu bekkjum skólans. Reynt er að hafa stundatöflur þannig að nemendur hafi sameiginlega tíma á töflu t.d. í heilum árgangi og eigi þannig kost á samvinnu. Með því móti kemur sérkennslan inn í starf árgangsins í eðlilegu samhengi. Þar sem elsti árgangur skólans er 7. bekkur er ekki um að ræða eiginlegar valgreinar í skólanum eða tækifæri til að meta nám nemenda utan skóla til valgreina.

### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Skóladagur nemenda er heildstæður, stundatöflur samfelldar og eðlileg hlé til hvíldar.
- Sameiginlegir tímar í heilum árgöngum gefa kost á fjölbreyttara námsframboði fyrir alla sbr. færnimiðað nám.
- Huga þarf að hvort enn frekar sé hægt að koma á sameiginlegum tímum á töflu t.d. fyrir samvinnu milli árganga.

## Verklagsreglur og áætlanir

Skólasamfélagið hefur skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum. Í skólanámskrá kemur fram hvað felst í jákvæðum skólabrag. Skólareglur liggja fyrir og eru sýnilegar í skólastofum. Viðbrögð eru í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 270/2000 um skólareglur í grunnskóla en þær þarf að endurskoða með tilliti til nýrrar reglugerðar nr. 1040/2011 (8.grein). Nemendur hafa ekki tekið þátt í að móta skólareglur nema svokallaðar bekkjarreglur sem umsjónarkennarar setja gjarnan fram með sínum hópi. Mikil áhersla er lögð á að hafa gæslu vel mannaða, bæði af skólaliðum og kennurum og stjórnendur taka þátt í henni ef þörf er á. Það kom fram að full mikill hávaði er stundum á göngum þegar farið er út í frímínútur eða komið inn og í lok skóladags. Skólabraginn að þessu leyti þarf að bæta og huga að því að allir séu samstíga um framkvæmd.

Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið er markvisst eftir þeim (*Gegn einelti í Garðabæ*). Áhersla er lögð á stuðning í námi og þjónustu við nemendur með sérþarfir. Í því skyni er gerð einstaklingsnámskrá fyrir þá sem þurfa sérkennslu/námsaðstoð og móttökuáætlun fyrir þá sem hafa annað móðurmál en íslensku. Sem dæmi um sérstakan stuðning sérfræðiþjónustunnar fara deildarstjóri, námsráðgjafi og þroskaþjálfari yfir allar skimanir og próf með umsjónarkennara til að kanna hverjir þurfa sérstaka námsaðstoð. Þeir nemendur sem eiga við sértæka erfiðleika að stríða hvort sem er fötlun, einhverfa eða önnur frávik, fá skv. upplýsingum frá foreldrum og starfsfólki einstaklega góðan stuðning. Þá liggur fyrir móttökuáætlun fyrir nýja nemendur.

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum s.s. einelti og öðru ofbeldi eins og getið er um í aðalnámskrá (kafla 13). Heildræn forvarnaáætlun þar sem m.a. er vikið að áætlun í fíknivörnum og áfengis- og tóbaksvörnum er ekki til þótt fræðsla um þessi atriði fari fram í skólanum.

#### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Jákvæður skólabragur einkennir alla starfsemi skólans.
- Skólareglur eru sýnilegar og viðbrögð við einelti liggja fyrir.
- Þjónusta fyrir nemendur með sérþarfir er markviss og góð.
- Í vinnu við nýjar skólareglur væri æskilegt að nemendur kæmu þar að.
- Huga þarf að hvernig bæta má skólabrag varðandi hávaða á göngum.
- Vinna þarf að heildstæðri forvarnaáætlun skólans.

#### Skólaráð, foreldrafélag

Skólastjóri vinnur að stefnumörkun með skólaráði en skólaráð er virkur samráðsaðili í stjórnun skólans. Skólaráð fundar reglulega, setur sér starfsáætlun og fundir eru boðaðir með dagskrá. Fundargerðir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, skólahald og skólaþróun eru lagðar fyrir skólaráð til umsagnar. Fulltrúar foreldra í skólaráði eiga sér bakland í foreldrafélaginu og eru lýðræðislega valdir af foreldrum. Til að tryggja gott upplýsingaflæði situr formaður foreldrafélagsins í skólaráði. Fulltrúar nemenda eru valdir lýðræðislegri kosningu en alltaf úr 7. bekk og sitja þá eitt ár í senn. Þess ber þó að geta að í 3. grein reglugerðar nr. 1157/2008 er tekið fram að þeir sem skipaðir eru í skólaráð skulu vera það til tveggja ára.

Skólastjóri fundar reglulega með stjórn foreldrafélagsins og getur foreldrafélagið ævinlega fengið aðstöðu í skólanum til fundarhalda og hvers kyns atburða. Fulltrúar foreldra úr hverjum bekk vinna m. a. að því að efla félagsleg tengsl nemenda, foreldra og kennara. Þeir standa fyrir alls kyns viðburðum eins og bekkjarkvöldum, stuttum vettvangsferðum, grilli o.s.frv. sem styrkir tengsl foreldra, nemenda og starfsfólks skólans.

#### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Skólaráð er virkur samráðsaðili í stjórnun skólans.
- Gott upplýsingarflæði er milli skólaráðs og foreldrafélags
- Foreldrafélag er virkur samstarfsaðili skólans, styður við skólastarfið og skipuleggur viðburði sem efla skólabrag.
- Skoða má hvort ekki sé rétt að kjósa nemendur úr 6. bekk í skólaráð og þeir sitji þá í 2 ár eins og reglugerð gerir ráð fyrir.

## **Pátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun**

Lögð er rækt við að byggja upp traust foreldra á skólastarfinu. Stjórnendur og umsjónarkennarar halda uppi virku samstafi við foreldra með aðstoð annarra kennara skólans. Í byrjun skólaárs eru haldnir haustfundir þar sem kynnt eru námsmarkmið og leiðir til að ná þeim auk þess sem hagnýtum upplýsingum er komið á framfæri. Tveir nemenda- og foreldrasamtalsdagar eru á hverju skólaári. Á þeim er rætt um árangur í námi og líðan og m. a. er nýtt til þess svokallað *Leiðsagnarmat* hjá *Mentor*. Auk þess er foreldrum boðin pátttaka í vettvangsferðum og bekkjarfulltrúar (foreldrar) skipuleggja reglulega viðburði í skólanum. Á skólapingi (skólaárið 2010 - 2011) var markvisst leitað eftir tillögum og hugmyndum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfi. Stjórn foreldrafélags og fulltrúar foreldra í skólaráði koma einnig hugmyndum og tillögum foreldra á framfæri.

Mest af upplýsingum til foreldra um skólastarfið framundan og árangur af einstökum verkefnum fer í gegnum Mentor. Einnig fer tölvupóstur/bréf heim til nemenda í flestum árgöngum vikulega, heimasíða er virk og uppfærð reglulega. Það kemur fram í samtölum við foreldra að þeim er ljóst hvert þeir eiga að snúa sér ef frekari upplýsingar vantar frá skólanum.

### **Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta**

- Traust og gott samstarf er milli foreldrasamfélagsins og skólans.
- Markvisst er leitað eftir tillögum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfi.
- Upplýsingagjöf milli heimila og skóla er skilvirk.

## **Svið II Nám og kennsla**

Bekkjarkennsla er ríkjandi skipulag í Hofsstaðaskóla og kennir umsjónarkennari flestar greinar. Kennarar innan árganga skipuleggja saman kennslu, heimavinnu og námsmat og taka ákvarðanir um þemaverkefni. Þetta má sjá á heimasíðu skólans í skólanámskrá 2011-2012. Þar kemur fram að fjölbreytni í kennsluháttum er í hávegum höfð. Lotukerfi í list- og verkgreinum og hringekja þar sem árgöngum er skipt upp í hópa sem vinna að ólíkum verkefnum eru liðir í fjölbreytninni. Jafnframt er pátttaka í nýsköpun mikil. Sérstaklega er hugað að námsþörfum þeirra sem eru á undan og eftir í námi. Það er m.a gert með færnimiðuðu námi í íslensku, ensku og stærðfræði. Áherslu á upplýsingamennt má sjá í því að skólinn hefur á að skipa sérstökum kennsluráðgjafa á sviðinu. Lestrarstefna, sem birt er í skólanámskrá og á heimasíðu Hofsstaðaskóla, er mótuð undir stjórn deildarstjóra sérkennslu: Hún felur í sér margar hvetjandi leiðir til að auka lestrarfærni nemenda. Námsmat er í föstum skorðum og samvinna er við foreldra um nám barna þeirra.

### **Inntak og árangur**

Skólanámskrá er endurnýjuð reglulega, síðast skólaárið 2011-2012. Sjálfstæður hluti hennar er Námsvísir, aðgengilegur fyrir foreldra og nemendur á heimasíðu skólans. Skólinn er án

aðgreiningar og um það eru foreldrar vel meðvitaðir. Kennarar eru faglegir og sérfræði þeirra nýtist í störfum. Lofsverðum árangri er komið á framfæri innan skólans og opinberlega. Má sem dæmi nefna opinberar námskannanir, árangur í upplestrarkeppni og sigrar í nýsköpunarkeppni. Metnaður fyrir námsárangri er mikill innan skólans. T.d. segir í *Vegvísi* að stefnt sé að því að meðaltal skólans á samræmdum prófum sé hærra en í Reykjavíkurskólum. Þetta markmið náðist árið 2011 en þá var árangur í lestri og stærðfræði í 4. og 7. bekk talsvert hærri en í Reykjavík. Eitt af því sem skólinn er nú stoltur af er að nemendur sem komu illa út í samræmdum prófum í 4. bekk árið 2008 sýndu almennt góðar framfarir í 7. bekk árið 2011. Af því má ráða að unnið sé markvisst með niðurstöður úr samræmdum prófum í 4. bekk. Fylgst er markvisst með árangri sérhvers nemanda og árgangs í leshraða og lestrarnákvæmni, en meðaltalsviðmið í leshraða eru hærri en í mörgum öðrum grunnskólum. Mælingar á framförum eru tíðar, þær eru að jafnaði þrisvar sinnum yfir skólaárið fyrir þá sem ná viðmiði sem sett er í árgangi en fimm sinnum fyrir þá sem gera það ekki. Fyrirkomulag lestrarþjálfunar í skóla og heima er í föstum skorðum og foreldrar upplýstir um allt framangreint. Af þessu leiðir að almennt eru nemendur Hofsstaðaskóla vel læsir (sjá Ársskýrslu Hofsstaðaskóla, 2010-2011; bls. 82.)

Sterkur samhljómur er í skólastefnu Hofsstaðaskóla við Skólastefnu Garðabæjar.

#### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Stefnan *skóli án aðgreiningar* er sýnileg og allir hlutaðeigandi meðvitaðir um hana.
- Gefinn er gaumur að fjölbreyttum árangri og honum hampað.
- Vel er hugað að læsi. Árangur nemenda í leshraða er almennt góður. Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk gefa þann árangur sem stefnt er að í skólanum.

#### Skipulag náms og námsumhverfi

Námsvísar árganga eru eins byggðir upp. Fram koma upplýsingar um námsmarkmið, leiðir, námsmat og námsefni. Að þessu leyti er *Námsvísir* aðgengilegur fyrir foreldra. Eðlilega framvindu í námskröfum milli árganga má sjá í sumum námsþáttum t.d. í lestri. Í öðrum, t.d. ritun, mætti gera framvindu milli árganga greinilegri, samræma orðalag og gera það gegnsærra.<sup>2</sup>

Í Hofsstaðaskóla eru tvö skólastig, yngra og eldra. Það er því ekki um það að ræða að nemendur velji milli námsgreina eins og á unglíngastigi. Þeir geta hins vegar stundum valið sér verkefni í kennslustundum, t.d. þegar þeir velja verkefni úr boxi. Það gera þeir sem ljúka á undan öðrum, verkefni sem er á dagskrá í kennslustund. Mikilvægt er að úrval verkefna í boxi vekji áhuga og sé við hæfi hvers og eins.

Sýnileg námsgögn í kennslustofum styðja öll við nám og kennslu en fjölbreyttum kennsluháttum sem sannarlega eru í Hofsstaðaskóla, eru settar nokkrar skorður. Í fyrsta lagi

---

<sup>2</sup> (Íslenska 3. Bekkur. Ritun og skrift, bls. 2.: „Markmið að nemendur tileinki sér einfaldar reglur um ritað mál“- Ath. hvaða reglur er átt við?)



er skortur á húsnæði. Í öðru lagi eru fáar/engar tölvur fyrir nemendur í kennslustofum. Í þriðja lagi er opnunartími bókasafns of stuttur að mati nemenda en þar eru tölvur sem nemendur gætu oftart nýtt.

Nemendasamtöl, þar sem rætt er um nám og líðan, fara fram tvisvar á skólaárinu. Ætlast er til þess að foreldrar fari í gegnum *Leiðsagnarmat í Mentor* með barni sínu fyrir fyrri samtalsdaginn, en það kemur inn á báða umrædda þætti. Samkvæmt upplýsingum skólans nýta ekki nægilega margir foreldrar leiðsagnarmatið. Það sýnir að kennarar þurfa að hamra á því við foreldra að nota leiðsagnarmatið þar til flestir/allir gera það.

Í Hofstaðaskóla eiga nemendur að læra heima eftir skóla. Tilgangur þess er tíundaður í *Skólanámskrá* og þar eru birtar viðmiðunarreglur um heimanámið fyrir hvern árgang. Vikuáætlanir geta foreldrar og nemendur nálgast á fjölskylduvef Mentor. Hugað er að því hvernig heimanám dreifist á vikudaga eða tímabil.

#### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Heimanám byggir á markmiðum náms og er vel kynnt fyrir foreldrum og nemendum.
- Áætlanir um nám, kennslu og mat í námsgreinum, eru skráðar á sama hátt fyrir alla árganga í *Námsvísi* sem er á heimasíðu skólans.
- Kennarar í mismunandi árgöngum mættu huga að framvindu í sumum námsgreinum eins og hún birtist í *Námsvísi* og samræma orðalag.
- Huga þarf að því að verkefni sem nemendur geta valið sér eftir að þeir ljúka verkefni á dagskrá kennslustunda séu áhugavekjandi og við hæfi hvers og eins.
- Þróun viðtekinna kennsluhátta sem auka fjölbreytni í námi, eru settar ákveðnar skorður vegna skorts á kennslustofum og aðgengi nemenda að tölvum.

#### Kennsluhættir og gæði kennslu

Út frá athugunum á vettvangi má almennt segja að þekking kennara (fagleg og kennslufræðileg) sé góð. Hún kemur fram í vel skipulögðum kennslustundum þar sem tíminn er almennt vel nýttur. Þeir nýta fjölbreyttar leiðir í kennslunni og verkefnin sem nemendur vinna að í kennslustundunum og sýnileg eru á veggjum eru heildstæð og samþætt. Dæmi um verkefni af þessum toga eru svokallaðir sögurammar *Söguaðferðarinnar* og var námsumhverfið, stofur, gangar og öll tiltæk rými notuð þegar á vinnunni stóð og til að gera afraksturinn sýnilegan. Í vettvangsathugunum var algengast að sjá nemendur fást við sömu verkefnin sem buðu oftast upp á að hver ynni að eftir færni sinni. Í fáeinum tilvikum reyndust verkefnin fljótunnin og auðveld fyrir suma en erfið fyrir aðra. Lestrarbækur sem nemendur lásu í hljóði báru með sér að þarfir einstaklinga og markmið væru í brennidepli. Val þeirra var sniðið að mati á stöðu hvers og eins samanber mat á leshraða og lestrarnákvæmni sem framkvæmt er þrisvar til fimm sinnum á skólaárinu.

Í öllum kennslustundum var nemendum gerð grein fyrir markmiði hennar og tilhögun. Það má fullyrða að kennsluhættir eru almennt fjölbreyttir, samvinnunám og einstaklingsvinna eftir því sem við á. Þegar um samvinnunám er að ræða er það að öllu jöfnu kennarinn sem



skipar í hópa. Nemendur læra og nota hagnýtar vinnureglur þegar þeir vinna með öðrum og í einstaklingsvinnu. Þátttaka nemenda í nýsköpunarstarfi er mjög mikil og hefur skólinn náð framúrskarandi árangri á því sviði undanfarin ár. Námsmat er fjölbreytt eins og sjá má í *Námsvísi og Ársskýrslu 2011-2012*, en það kemur einnig fram í viðtölum við nemendur.

#### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Hofstaðaskóli skarar framúr á sviði nýsköpunar og er í því efni öðrum til eftirbreytni.
- Nemendur læra reglur sem eiga við í samvinnunámi og einstaklingsnámi, sem varðar samskipti og aðstoð.
- Fjölbreytni er í kennsluháttum og námsmati.
- Sífelld þarf að gæta þess að nemendur fái við viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins.

#### Námshættir og námsvitund

Í rýnivíðtölum við nemendur kom fram að þeim finnst nám sitt að einhverju leyti taka mið af áhuga og hæfileikum sínum. Þeir gátu nefnt dæmi sem sýna að þeir fá þjálfun í að vinna í mismunandi aðstæðum, í samvinnu við aðra og einstaklingslega. Þessa fjölbreytni mátti einnig sjá á vettvangi.

Bæði yngri og eldri nemendur sem tóku þátt í rýnivíðtölum þekktu styrkleika sína í námi og gátu nefnt þá. Þeir vita um ýmsar leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi en búnaður og rými skólans setur nokkrar skorður í þessu efni.

Óljóst er út frá svörum nemenda og vettvangsathugunum almennt, hvort nemendur fái að velja sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námsstíl. Ekki er heldur hægt að segja um hvort þeir beri vaxandi ábyrgð á að velja viðfangsefni og námsaðferðir. Segja má hins vegar að nemendur nýti upplýsinga- og samskiptatækni við að afla sér þekkingar og leikni eins og kostur er og aðgengi að tölum í skólanum leyfir.

#### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Flestir nemendur eru áhugasamir um nám sitt.
- Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum og nota til þess fjölbreyttar aðferðir.
- Nemendur eru meðvitaðir um styrkleika sína í námi.
- Bæta þarf úr möguleikum nemenda til að geta nýtt upplýsinga- og samskiptatækni í auknu mæli til að afla sér þekkingar og leikni, t.d. með því að lengja opnunartíma á bókasafni og fjölga tölum.

## Lýðræðisleg vinnubrögð

Það er engum blöðum um það að fletta að samskipti öll í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.

Nemendur hafa góða möguleika á að tjá sig um málefni er snerta þá og tillit er tekið til sjónarmiða þeirra og til er skráð verklag til að afla sjónarmiða þeirra. Þeir fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og sjónarmið nemenda hafa breytt aðstæðum til batnaðar t.d. á skólavelli. Nefna má að leiðsagnarmat sem nemendur vinna með foreldrum sínum fyrir foreldrasamtal er góður vettvangur fyrir þá til að tjá sig um málefni er snerta þá. En of fáir foreldrar nýta sér leiðsagnarmatið enn sem komið er.

Nemendafulltrúar í skólaráð eru kosnir lýðræðislegri kosningu. Þeir eru allir úr 7. bekk, starfa því aðeins í eitt ár og fá takmarkaða þjálfun. Þeir eru fullgildir þátttakendur í umræðum og ákvarðanatöku skólaráðs. Upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda, þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja, eru á heimasíðu og því aðgengilegar fyrir aðra nemendur.

### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Samskipti í skólanum eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Nemendur þekkja leiðir til og geta tjáð sig opið og tillit er tekið til sjónarmiða þeirra.
- Bæta þarf úr þjálfun nemendafulltrúa til að geta starfað í skólaráði eða á öðrum samstarfsvettvangi.

## Ábyrgð og þátttaka

Markmið náms eru sýnileg og aðgengileg nemendum og foreldrum. Foreldrar eru með í ráðum við setningu markmiða fyrir börn sín og barnið er jafnframt þátttakandi.

Nemendur þekkja viðmið um árangur en þau koma fram í *Námsvísi*. Þeim er kennt að meta vinnu sína og árangur í námi og læra að meta sig sjálf.

### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Foreldrar eru með í ráðum við setningu markmiða fyrir börn sín og barnið er jafnframt þátttakandi.

## Nám við hæfi allra nemenda

Í Hofstaðaskóla einkenna sanngirni og virðing skólabraginn. Allir nemendur taka virkan þátt í námi og starfi skólans. Viðfangsefni í kennslustundum voru oftast þau sömu og því spurning hvort þau virkjuðu nægilega hæfileika og áhuga allra.

Mat á stöðu nemenda er fjölbreytt og nám er lagað að niðurstöðum mats. Námsframboð og námsvísar mæta fjölbreyttum þörfum flestra og foreldrar og nemendur eru með í ráðum um námsmarkmið.

### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Sanngirni og virðing einkenna skólabraginn.
- Í flestum kennslustundum eru nemendur að fást við það sama. Huga má að meira vali á verkefnum til að mæta ólíkum áhuga og hæfileikasviðum.

### Stuðningur við nám

Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda og skráð hvernig bregðast eigi við niðurstöðum skimana og mats. Kennsla hæfir flestum nemendum en eins og áður segir mætti koma til aukið val í kennslustundum til að mæta hæfileikum og áhuga allra. Eitt af því sem hafa ber í huga eru verkefni í boxi sem nemendur fara í þegar þeir hafa lokið verkefninu sem er á dagskrá kennslustundarinnar.

Námi nemenda með metnar sérþarfir er vel sinnt og það skipulagt með einstaklingsnámskrám. Stuðningur við nám er sömuleiðis tengdur markmiðum náms og einstaklingsnámskrá. Sérkennsla fer að mestu fram utan bekkjar, því það gerir kleift að sinna fleiri börnum innan árgangs sem á sérkennslu þurfa að halda. Vel er hugsað fyrir námstækifærum bráðgerra nemenda t.d. með færnimiðuðu námi í ensku og stærðfræði. Nýttar eru fjölbreyttar leiðir s.s tölvuforrit, áskriftarvefir og önnur áhugaverð verkefni til að mæta þörfum nemenda og efla áhuga þeirra á námi. Foreldrar og nemendur eru með í ráðum hvað varðar sérúrræði. Árangur barna með sérkennsluþarfir er metinn og endurskipulagður eftir þörfum. Foreldrar eru þátttakendur í endurmati og breytingum á einstaklingsnámskrá barna sinna. Kennarar fá ráðgjöf um nám og kennslu frá sérkennurum. Löng hefð er fyrir því að mæta einstaklingsþörfum í námsmati. Má þar nefna aðlöguð próf og prófaðstæður.

### Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta

- Mjög vel er staðið að og haldið utan um nemendur með metnar sérþarfir og þeir eru virkir þátttakendur í skólastarfinu. Á sama hátt er vel haldið utan um stuðningskennslu.
- Séð er til þess að bráðgerir nemendur fái námstækifæri við hæfi.

### Svið III Innra mat

Innra mat nær yfir fjölmarga þætti í skólastarfi. Hofsstaðaskóli hefur stuðst við samsettar aðferðir við innra matið og kerfisbundið sjálfsmat hefur farið fram í Hofsstaðaskóla frá árinu 2007. Á heimsíðu skólans má finna ýmsar kannanir allt frá skólaárinu 2007 – 2008.

Í Garðabæ var gefin út skólastefna árið 2010 og á innleiðingu hennar að vera lokið árið 2013. Skólarnir í Garðabæ eru því langt komnir í því að taka upp skólastefnuna. Árlega þurfa þeir að skila aðgerðaráætlun og mati í lok tímabilsins. Við mótun stefnunnar fór fram mikið starf innan skólanna þar sem nemendur, starfsmenn og foreldrar svöruðu eftirfarandi spurningu: *Hvað gerir skólastarf gott? og hvað í skólastarfinu finnst þér að megi breyta eða bæta?* Í Hofsstaðaskóla er unnið markvisst að öllum markmiðum sem eiga að koma til framkvæmda

eða eru þegar í gangi. Samhliða aðgerðaráætluninni er sjálfsmatsteymi skólans að vinna að því að innleiða stefnumiðað árangursmat (*Balanced Scorecard*). Það mun nýtast stjórnendum í framtíðinni á margvíslegan hátt við áætlanagerð, mótun viðmiða og árangursmat. Stefnumiðað árangursmat beinir sjónum að heildarárangri skólans. Þegar er fyrir hendi stefnukort og skorkort sem hluti af þessari leið.

Af hálfu menntamálaráðuneytis var gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum skólans í nóvember 2008. Heildarniðurstaða var sú að sjálfsmat Hofsstaðaskóla fullnægir viðmiðum ráðuneytis um stöðu, aðferðir og framkvæmd.

### **Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi**

Í skólanámskrá, í *Vegvísi* (sjá heimasíðu skólans: [www.hofsstadaskoli.is](http://www.hofsstadaskoli.is)) og í skorkorti og stefnukorti skólans má sjá helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt. Þar liggur fyrir langtímaáætlun og áætlun um þætti sem teknir eru fyrir hvert ár. Á langtímaáætlun má sjá að allir helstu þættir skólastarfsins eru metnir. Þar kemur einnig fram hverjir bera ábyrgð á framkvæmd matsins. Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram reglulega.

Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer fram með einhverjum hætti en ekki reglulega. Skólastjóri hefur þó setið í kennslustundum hjá öllum kennurum og aðrir stjórnendur fara öðru hverju á vettvang en ekki beinlínis til að meta kennslu eða fagmennsku þó þeir fylgist þá vissulega með því sem fram fer. Mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum er ekki opinbert og því ekki mælanlegt en hlýtur þó að vera til staðar. Í umræðu um fagleg störf á fundum og einnig í vettvangsheimsóknnum stjórnenda kemur þessi þáttur á einhvern hátt við alla.

#### **Ábendingar - styrkleikar og tækifæri til umbóta**

- Upplýsingar um innra mat skólans er aðgengilegt öllum í skólasamfélaginu.
- Allir helstu þættir skólastarfsins eru reglulega metnir.
- Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara.

### **Innra mat er markmiðsbundið**

Í stefnu skólans er gerð grein fyrir hvernig markmið skólanámskrár eru metin markvisst og reglubundið. Leiðir að markmiðum eru einnig hluti af innra mati. Þar koma fram aðgerðir, áætlanir, verkferlar og ábyrgðaraðilar hvers þáttar. Skilgreind eru viðmið um þann árangur sem stefnt er að eins og sjá má í skorkorti skólans. Á nokkrum stöðum, svo sem í *Vegvísi*, á stefnukorti, skorkorti og í niðurstöðum kannana má sjá að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

#### **Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta**

- Skólinn notar innra mat til að kanna hvort og að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð.
- Verkferlar við matið eru skýrt fram settir.
- Skilgreind viðmið eru um árangur.

## **Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum**

Við öflun gagna eru notaðar fjölbreyttar aðferðir sem hæfa viðfangsefninu hverju sinni: Eigið vefkannanakerfi (survey console), *Skólapúlsinn*, *Balanced Scorecard*, spurningakannanir á vegum bæjarins (sbr. aðferð við gerð skólastefnu Garðabæjar) auk beinna aðferða við mat eins og svokölluð skólaþing. Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati s.s. samræmd próf, kannanir frá Rannsókn og greiningu og ytra mat ráðuneytis til eflingar og stuðnings við innra matið.

### **Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta**

- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við öflun gagna
- Niðurstöður úr ytra mati eru nýttar í innra matið.

## **Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum**

Skólastjóri, kennarar og aðrir starfsmenn skólans mynda teymi um innra mat. Foreldrar og nemendur hafa ekki beina aðkomu að framkvæmd eða umbótum. Aðkoma þeirra er í gegnum skólaráðið þar sem fulltrúar þeirra sitja og geta gert athugasemdir. Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra í skólasamfélaginu og gleggsta dæmið um það er skólaþingið. Einnig ná kannanir til allra hagsmunahópa. Þegar niðurstöður liggja fyrir fara fram umræður um þær hjá starfsmönnum skóla og skólaráði og umbótaáætlun gerð í kjölfar þess af matsteyminu. Sú áætlun er síðan lögð fyrir sömu aðila til samþykktar.

### **Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta**

- Starfsfólk, nemendur og foreldrar geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Huga ber að því að foreldrar og nemendur hafi beinan aðgang að ákvörðunum, forgangsröðun og umbótum í innra mati.

## **Innra mat er opinbert**

Á heimasíðu Hofstaðaskóla eru birtar greinargerðir um innra mat, niðurstöður kannana og umbótaáætlanir. Þar koma fram grundvallaratriði er varða matið svo sem tengsl við stefnu skólans, tilgang matsins, aðgerðir, viðmið, helstu niðurstöður styrkleika og tækifæri til umbóta. Þegar niðurstöður liggja fyrir er matið kynnt fyrir öllu starfsfólki, foreldrum og skólaráði. Að því búnu vinnur matsteymið að umbótaáætlun sem er lögð fyrir starfsfólk og skólaráð auk þess sem upplýsingar koma fram á heimasíðu. Í matsteyminu eru auk skólastjóra, kennarar og aðrir starfsmenn. Fulltrúar foreldra og nemendur koma að innra matinu sem meðlimir í skólaráði. Þar fá þeir upplýsingar um framkvæmd, niðurstöður sem eru rýndar á fundum og síðan umbótaáætlun til umfjöllunar.

### **Ábendingar - styrkleikar og tækifæri til umbóta**

- Allar upplýsingar um innra mat eru opinberar.
- Tilgangur mats, aðgerðir, viðmið og helstu niðurstöður eru skýrt fram settar.

- Niðurstöður innra mats eru kynntar hlutaðeigandi aðilum.

### **Innra mat er umbótamiðað**

Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Þar koma fram markvissar aðgerðir, tímasettar og með skilgreindum ábyrgðaraðilum fyrir umbótunum. Þá kemur fram hvernig á að meta árangur aðgerða. Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir og allir aðilar skólasamfélagsins; starfsfólk, foreldrar og nemendur, geta bent á ákveðnar umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til.

#### **Ábendingar – styrkleikar og tækifæri til umbóta**

- Við greiningu niðurstaðna eru dregnir fram styrkleikar og tækifæri til umbóta.
- Í umbótaáætlun er gerð grein fyrir hverjir bera ábyrgð á verkefnum, hvenær og hvernig árangur er metinn.

### **Svið IV – Sérfræðiþjónusta**

Skóladeild Garðabæjar og skólastjóri Hofsstaðaskóla tóku ákvörðun um að fjórði þáttur í ytra mati væri sérfræðiþjónusta skólans. Upplýsingar um sérfræðiþjónustu eru fengnar úr *Skólanámskrá 2011-2012*, *Lestrarstefnu* og *Ársskýrslu 2011-2012*. Annarra upplýsinga var aflað í rýnivíðtali við kennara. Einnig var spurt í lok rýnivíðtala við foreldra, skólaráðsfulltrúa og stjórnendur um sterkar og veikar hliðar sérfræðiþjónustu. Til að fylla upp í myndina af sérfræðiþjónustu Hofsstaðaskóla var að lokum rætt við deildarstjóra sérkennslu.

Þeir sem mynda sérfræðiþjónustuteymi Hofsstaðaskóla auk stjórnenda og kennara, eru deildarstjóri sérkennslu en stjórnun er 75% af starfi hans. Deildarstjóri er með próf í sérkennslufræðum og er að auki með þroskaþjálfamenntun. Í teyminu eru einnig tveir sérkennarar. Annar hefur lokið námi í sérkennslufræðum, en hinn byrjaður í slíku námi. Skólinn hefur á að skipa tveimur þroskaþjálfum, öðrum í 100% starfi, hinum í 67% starfi. Námsráðgjafi er í 80% starfi við skólann<sup>3</sup> og hjúkrunarfræðingur í hálfu starfi.

Deildarstjóri sérkennslu er einn af stjórnendum skólans og vinnur ásamt öðrum sérfræðingum skólans í nánnum tengslum við stjórnendur og kennara. Innan skóladeildar Garðabæjar er talmeinafræðingur en hann er til staðar einn morgunn í viku í Hofsstaðaskóla. Sálfræðingur skóladeildar er í u.þ.b 30% starfi við skólann en föst viðvera hans í skólanum er einn dagur í viku.<sup>4</sup>

<sup>3</sup> Í 2. gr. reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 eru framantaldir sérfræðingar, sérkennari, þroskaþjálfar, náms- og starfsrágjafar, nefndir þegar rætt er um sérstakan stuðning í námi og ráðgjöf til umsjónarkennarar og annarra kennara.

<sup>4</sup> Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum Nr 584/2010.

Hofsstaðaskóli er *skóli án aðgreiningar* og skipulag skólstarfsins tekur mið að þörfum allra nemenda og sú stefna á sér allanga sögu innan skólans að því er viðmælendur í rýnihópum segja. Skipting nemenda í færnimiðaða hópa er í lestri og félagsfærni í 1. bekk, í ensku í 6. og 7. bekk og stærðfræði í 5. 6. og 7. bekk. Að skipta í færnimiðaða hópa er dæmi um leið sem farin er til þess að stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Þeim sem slakasta færni hafa er sinnt af sérkennara og bráðger börn fá kennslu við sitt hæfi.

Fram kom í öllum fyrirnefndum rýniviðtölum að mikið er gert til þess að laga námsaðstæður að börnum sem búa við fötlun, tæki og tól útveguð strax. Foreldrar nefna að skjótt sé brugðist við hvers kyns málum af þessum toga og hlustað sé á foreldra. Þeir upplifa þannig að allir séu með, enginn útundan.

Einstaklingsnámskrár eru unnar í samvinnu deildarstjóra sérkennslu, þroskaþjálfu, umsjónarkennara og foreldra. Skólaárið 2010 – 2011 voru gerðar 15 einstaklingsnámskrár fyrir þá sem viku verulega frá í allt að þremur námsgreinum og/eða fyrir nemendur sem höfðu veruleg frávík í hegðun. Svaraði það þörfinni að mati rýnihóps um sérfræðiþjónustu. Kennarar, stjórnendur og foreldrar virðast ánægðir með form og alla tilhögun í kringum einstaklingsnámskrárnar, en deildarstjórinn sjálfur telur að enn megi gera betur í þessu sem og öðru.

Ákvörðun um hverjir þurfi sér- og stuðningskennslu er tekin í samráði deildarstjóra sérkennslu, þroskaþjálfu, námsráðgjafa og umsjónarkennara. Þessir aðilar koma að fyrirlögn, yfirferð og mati út frá skimunum (*Læsi og Leið til læsis*). Einnig fer deildarstjóri yfir allan námsárangur nemenda með umsjónarkennurum áður en ákvörðun er tekin.

Sérkennsla fer að mestu fram utan kennslustunda, en stuðningskennsla inni í almennum bekkjum. Frá þessu eru undantekningar gerðar í samráði við umsjónarkennara. Endurmat á því hverjir fá sérkennslu og stuðning fer fram reglulega.

Ítarlegar upplýsingar um sérfræðiþjónustu eru birtar á heimasíðu skólans. Lestrarstefna Hofsstaðaskóla er þar í sjálfstæðu riti (sjá undir flípanum *Námið*). Þar er gerð grein fyrir áherslum í lestrarkennslu almennt í öllum árgöngum, hlutverki heimilis og námsmati. Tíðar athuganir á lestrarfærni nemenda sem eru undir meðaltali viðkomandi árgangs er liður í að mæta þörfum allra einstaklinga og eru í eðli sínu fyrirbyggjandi aðgerðir. Í *Lestrarstefnunni* er mörgum kennsluaðferðum gerð skil sem tilvaldar eru til átaks innan bekkja. Þann hluta lestrarstefnunnar má líta á sem ráðgjöf við kennara en einnig til foreldra sem eiga börn á stuttum lestrarnámskeiðum á vegum sérfræðiþjónustunnar. Í *Lestrarstefnunni* er jafnframt lýst próftækjum, tilgreind þau greiningarpróf sem skólinn notar og innsýn veitt í fræðilegan grunn lestrarerfiðleika.

Í rýniviðtölum við foreldra kom fram að til að útrýma fordómum sem stundum má finna hjá foreldrum gagnvart sérkennslu mætti t.d. útbúa stutt myndband til að birta á heimasíðu sem gefur innsýn í sérkennslu.

Undir hatti sérfræðiþjónustu er hugað að snemmtækri íhlutun t.d. með því að sækja upplýsingar til leikskóla um væntanlega nemendur og með því að vera í samstarfi við leikskólann um lestrarkennslu byrjenda. Fyrirlögn skimunarprófa í 1. bekk og skipting í málörvunarhópa telst einnig vera snemmtæk íhlutun. Á sama hátt er það snemmtæk íhlutun þegar náms- og starfsráðgjafi kannar félagsfærni nemenda í 1. bekk og á reglulega viðtöl við þá sem styðja þarf á þann hátt. Hann kemur að málum þeirra sem eiga við félags- og tilfinningaleg vandkvæði að etja, nemendur með ADHD og hegðunarfrávik. Hann stuðlar að myndun vinahópa s.s fyrir nýja nemendur í skólanum og þá sem hættir til að einangrast; styður foreldra sem eiga í vandræðum með að fá börn sín til að sinna heimanámi og heldur námstækninámskeið fyrir nemendur á miðstigi.

Þroskaþjálfari og deildarstjóri sérkennslu sinna börnum með sértækustu námsþarfirnar og leiðbeina foreldrum sem hafa þörf fyrir utanaðkomandi ráðgjöf.

Tekið er á móti nýjum nemendum í skólann samkvæmt skipulagi í móttökuáætlunum. Önnur á við nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og hin fyrir þá sem flytjast milli skóla. Einnig er móttökuáætlun fyrir nemendur með fötlun. Þegar nemandi flyst úr Hofstaðaskóla í annan grunnskóla hefur verið mótað skipulag við að miðla upplýsingum. Deildarstjóri sérkennslu sér um það þegar um er að ræða nemendur með sérþarfir og er upplýsingum miðlað að höfðu samráði við foreldra. Öflun upplýsinga um nemendur með sérþarfir sem koma úr leikskólum og miðlun upplýsinga um þá sem fara úr skólanum á unglíngastig eru í mótuðum farvegi á vegum sérfræðiþjónustu.

Deildarstjóri sérkennslu og námsráðgjafi upplýsa aðra starfsmenn s.s. skólaliða um þá nemendur sem sérstaklega þarf að halda utan um og styðja við í frímínútum.

#### *Ábendingar - styrkleikar og tækifæri til umbóta*

- Hofstaðaskóli er skóli án aðgreiningar. Þar er komið til móts við ólíkar náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Þáttur sérfræðiþjónustu í þessu samhengi er frábær og öðrum skólum til eftirbreytni.
- Sérfræðiþjónustu er sinnt í nánu samstarfi við umsjónarkennara og aðra kennara.
- Snemmtæk íhlutun og fyrirbyggjandi aðgerðir námserfiðleika eru í brennidepli innan sérfræðiþjónustu.
- Lestrarstefna Hofstaðaskóla er metnaðarfull og skilvirk hvað læsi allra nemenda snertir, jafnt börn í lestrarvanda og þau sem eru án hans.
- Almenna ánægju er að finna með sérfræðiþjónustu skólans meðal foreldra, kennara, stjórnenda og annarra starfsmanna.
- Upplýsingar um sérkennslu og aðra sérfræðiþjónustu eru ítarlegar og gagnlegar fyrir kennara og foreldra. Huga má að því að einfalda þær enn meir og gera aðgengilegri fyrir alla samfélagshópa t.d. í myndbroti sem birt væri á heimasíðu og væri til þess fallið að draga úr fordómum sem enn eru til staðar hjá sumum foreldrum.



## Greining

**Styrkleikar:** Skipulag og umgjörð skólastarfs er mjög gott. Skólabragur einkennist af jákvæðni, virðingu og trausti milli allra aðila. Sterk hefð er fyrir listgreinum og nýsköpun er til fyrirmyndar. Sérfræðiþjónusta er með ágætum.

**Veikleikar:** Gera þarf ferla um mat og endurgjöf á fagmennsku kennara.

**Ögranir:** Í svo sterku skólasamfélagi er ögrandi að viðhalda þeim árangri sem þegar hefur náðst og halda áfram sterku starfi í nýsköpunar- og þróunarverkefnum.

**Tækifærin** felast m.a. í eftirfarandi:

- \* Að auka beina aðkomu foreldra og nemenda að ákvörðunum.
- \* Að efla möguleika nemenda til að nýta sér upplýsingatækni.

## Samantekt ábendinga

### Stjórnun

- Skólanámskrá, starfsáætlun og stefnukort skólans eru skýrt sett fram. Þau eru opinber og aðgengileg öllum hagsmunaaðilum.
- Góð líðan og gagnkvæm virðing endurspeglast í samstarfi starfsfólks. Stjórnendur stuðla að samhljómi meðal starfsmanna, nemenda og foreldra.
- Lýðræðisleg vinnubrögð eru í heiðri höfð og er starfsfólk öðrum fyrirmynd í því.
- Miðlun upplýsinga um árangur og gæði er komið á framfæri.
- Verkaskipting milli stjórnenda og starfslýsingar allra eru fyrir hendi.
- Samstarf milli skólastiga er gott og skilvirkt.
- Þróunar- og umbótastarf er markvisst og byggir á stefnu skólans, sama gildir um endurmenntun starfsmanna.
- Skólareglur eru sýnilegar og viðbrögð við einelti liggur fyrir.
- Skólaráð og stjórn foreldrafélags eru virkir samstarfsaðilar skólans.
- Upplýsingagjöf milli heimila og skóla er skilvirk og markvisst er leitað eftir tillögum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfi.
- Skóladagur nemenda er heildstæður og stundatöflur samfelldar. Athuga mætti hvort enn frekar sé hægt að koma á sameiginlegum tímum milli árganga til að geta aukið fjölbreytnina.
- Stjórnendur gæta hagsmuna starfsfólks og veita þeim hvatningu á ýmsan hátt en auka má endurgjöf til kennara hvað varðar kennslu og fagmennsku.
- Allt starfsfólk vinnur að skólanámskrá og starfsáætlun en huga mætti að aukinni þátttöku foreldra og nemenda.
- Gera þarf móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Vinna þarf að heildstæðri forvarnaráætlun skólans.

## **Nám og kennsla**

- Stefnan skóli án aðgreiningar er sýnileg og allir hlutaðeigandi meðvitaðir um hana.
- Vel er hugað að læsi. Árangur nemenda í leshraða er almennt góður. Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk gefa þann árangur sem stefnt er að í skólanum. Foreldrar eru með í ráðum við setningu markmiða fyrir börn sín og barnið er jafnframt þátttakandi.
- Hofstaðaskóli skarar framúr á sviði nýsköpunar og er í því efni öðrum til eftirbreytni.
- Kennsluhættir eru fjölbreyttir og nemendur nýta sér og læra þær reglur sem eiga við í samvinnunámi og einstaklingsnámi.
- Flestir nemendur eru áhugasamir um nám sitt en sífellt þarf að gæta þess að allir fái verkefni við hæfi.
- Sanngirni og virðing einkenna skólabraginn.
- Mjög vel er staðið að og haldið utan um nemendur með metnar sérþarfir og þeir eru virkir þátttakendur í skólastarfinu. Á sama hátt er vel haldið utan um stuðningskennslu. Einnig er séð til þess að bráðgerir nemendur fái námstækifæri við hæfi.
- Nemendur eru meðvitaðir um styrkleika sína í námi. Þeir þekkja einnig leiðir til að koma skoðunum sínum á framfæri og tillit er tekið til sjónarmiða þeirra.
- Áætlanir um nám, kennslu og mat eru skráðar á sama hátt fyrir alla árganga í *Námsvísi* sem er á heimasíðu skólans. Kennarar í mismunandi árgöngum mættu þó huga að framvindu í sumum námsgreinum eins og hún birtist í þar og samræma orðalag sitt.
- Þróun viðtekinna kennsluhátta sem auka fjölbreytni í námi, eru settar ákveðnar skorður vegna skorts á kennslustofum og aðgengi nemenda að tölum. Einnig þarf að lengja opnunartíma á bókasafni.

## **Innra mat**

- Allir helstu þættir skólastarfsins eru reglulega metnir og upplýsingar um innra mat skólans er aðgengilegt öllum í skólasamfélaginu.
- Verkferlar við matið eru skýrt settir fram.
- Í umbótaáætlun er gerð grein fyrir því hverjir bera ábyrgð á verkefnum, hvenær og hvernig árangur er metinn.
- Skilgreind viðmið eru um árangur og skólinn notar innra mat til að komast að því hvort og að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð.
- Fjölbreyttar aðferðir eru nýttar við öflun gagna og niðurstöður úr ytra mati eru nýttar í innra matið.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila og niðurstöður kynntar þeim.
- Starfsfólk, nemendur og foreldrar geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats.

- Huga ber að hvort aðkoma foreldra og nemenda geti verið skilvirkari en aðeins í gegnum skólaráðið.

### ***Sérfræðipjónusta***

- Í skólanum er komið til móts við ólíkar náms- og félagslegar þarfir nemenda. Manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti er haft að leiðarljósi.
- Snemmtæk íhlutun og fyrirbyggjandi aðgerðir námserfiðleika eru í brennidepli.
- Sérfræðipjónustu er sinnt í nánu samstarfi við aðra sérfræðinga og kennara skólans.
- Almenn ánægja er innan skólasamfélagsins með sérfræðipjónustu skólans. Henni mætti jafnframt gera einfaldari skil á heimasíðu t.d. í myndrænni framsetningu.

## Heimildaskrá

*Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti.* (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Björk Ólafsdóttir. (2011). *Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla.* Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hrönn Pétursdóttir. (2007). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020.* Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

*Lög um grunnskóla*, nr. 91/2008.

*Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum* nr. 584/2010.

Garðabær. Vefslóð: <http://www.gardabaer.is/Skolar/fraedslu-og-menningsvid>

Hofsstaðaskóli. Vefslóð: <http://www.hofsstadaskoli.is>